

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er tiki gildi 1. apríl 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 189, 22. maí 1992, sbr. og breyting nr. 411, 25. nóvember 1992:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,90%.

Iðnaðarráðuneytið, 25. mars 1993.

F. h. r.

Baldur Pétursson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Hollustuverndar ríkisins vegna eftirlits og vinnslu starfsleyfa samkvæmt mengunarnareglugerð nr. 396/1992.

Gjöld fyrir vinnslu starfsleyfa og mengunareftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfis skyldri starfsemi samkvæmt viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 í samræmi við gjaldskrá þessa.

Atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 7 í reglugerð nr. 396/1992 skal greiða gjald fyrir vinnslu starfsleyfis, samkvæmt 8. kafla reglugerðarinnar, við veitingu þess og árlegt gjald vegna eftirlits samkvæmt grein 3.5. í reglugerðinni sem hér segir:

	Starfsleyfisvinnsla	Eftirlit
1. flokkur	kr. 490 000	kr. 245 000
2. flokkur	kr. 87 000	kr. 61 000
3. flokkur	kr. 46 000	kr. 26 000
4. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500
5. flokkur	kr. 15 500	kr. 10 500